

# 231. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÁNUDAGUR 20. APRÍL 2015 KL 9:30

haldinn í Grensáskirkju

---

## FUNDARGERÐ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Endurskoðun reglna um störf kirkjuráðs.
3. Ráðning fundaritara.
4. Ráðning framkvæmdastjóra kirkjuráðs og starfslýsing.
5. Kirkjujarðasamkomulagið - tillaga að næstu skrefum.
6. Sóknargjaldamálið.
7. Fasteignir
  - a. Þarfagreining vegna húsnæðis Biskupsstofu.
  - b. Melstaður - samningur við Vegagerð ríkisins.
  - c. Breiðabólstaður.
  - d. Málefni Hrunaprestakalls – samningar
  - e. Syðra-Laugaland
  - f. Bréf til Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsstaðar.
8. Fjármál
  - a. Lykiltölur úr bókhaldi fyrstu þrjá mánuði ársins 2015.
  - b. Breyting á fyrirkomulagi launa á Biskupsstofu.
  - c. Samningar vegna breytinga á störfum og vegna starfsloka.
  - d. 28. mál kirkjupings 2014 – frestun á auglýsingum prestsembættu.
  - e. Útskálasókn.
  - f. Ljósavatnssókn.
  - g. Kærleikþjónustan – flutt fjárveiting milli ára.
  - h. Fræðslumál – flutt fjárveiting milli ára.
9. Kynning á stofnunum
  - a. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.
10. Önnur mál.
  - a. Endurskoðun skipulags Biskupsstofu.
  - b. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.Úrskurður í máli nr. 1/2014 kveðinn upp mánudaginn, 23. mars 2014.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sat fundinn Ragnhildur Benediksdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri, og Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, ritaði fundargerð, en vék af fundi undir dagskrárlið 3. Ellisif Tinna annaðist fundarritun undir þeim dagskrárlið.

Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 7, 8, 9 og 10.

Guðmundur Þór Guðmundsson, sviðsstjóri fasteignasviðs, sat fundinn þegar liðir 7 og 8 a voru á dagskrá.

Ólöf Kristjánisdóttir, aðalbókari Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárlið 8 a.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri á Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárlið 8 e og f.

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur, Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi og Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi, starfsfólk Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sátu fundinn undir dagskrárlið 9.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 230. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

---

## 2. ENDURSKOÐUN REGLNA UM STÖRF KIRKJURÁÐS

---

Reglur um stjórnslu og starfshætti kirkjuráðs voru samþykktar á fyrri fundi kirkjuráðs.

Biskup lagði reglurnar fram að nýju til umræðu og munu þær verða til frekari umræðu á næsta fundi.

---

## 3. RÁÐNING FUNDARITARA

---

Kirkjuráð færir til bókar að biskupsritara sé falið að rita fundargerðir kirkjuráðsfunda sbr. 17. gr. starfsreglna nr. 817/2000 um kirkjuráð.

---

## 4. RÁÐNING FRAMKVÆMDASTJÓRA KIRKJURÁÐS OG STARFSLÝSING

---

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 2. febrúar að auglýsa laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs.

Kirkjuráð færir til bókar að Ellisif Tinna Víðisdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri kirkjuráðs frá 1. apríl sl. Starfslýsing framkvæmdastjóra hefur verið í endurskoðun og verður á dagskrá næsta kirkjuráðsfundar.

---

## 5. KIRKJUJARÐASAMKOMULAGIÐ – NÆSTU SKREF

---

Á fundi kirkjuráðs 10. mars sl. var framkvæmdastjóra og lögmanni Biskupsstofu falið að gera tillögu að næstu skrefum í samskiptum þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins vegna vanefnda íslenska ríkisins á kirkjujarðasamkomulaginu.

**Kirkjuráð samþykkti að skora á íslenska ríkið að virða skuldbindingar sínar gagnvart íslensku þjóðkirkjunni.**

Biskup Íslands mun koma erindi þessa efnis á framfæri við innanríkisráðherra.

---

## 6. SÓKNARGJALDAMÁLIÐ

---

Þann 5. september 2014 var þáverandi innanríkisráðherra veitt heimild ríkisstjórnarinnar til að hefja undirbúning að gerð samkomulags ríkis og kirkju um að umframskerðing sóknargjalda yrði jöfnuð út.

Enn hefur kirkjuráði ekki verið kynntar tillögur ráðherra þar að lútandi.

Með vísan til þessa samþykkti kirkjuráð að rita innanríkisráðherra bréf með ósk um að samningur verði gerður um greiðslur á þeirri umframskerðingu sóknargjalda sem orðið hefur og rakin er í skýrslu nefndar ráðherra frá maí 2014 og komi samningurinn til framkvæmdar fyrir kirkjuþing 2015 sem haldið verður í október nk.

---

## 7. FASTEIGNIR

---

*a. Þarfagreining vegna húsnæðis Biskupsstofu.*

Biskup lagði fram fyrstu drög að þarfagreiningu vegna húsnæðis Biskupsstofu.

**Kirkjuráð samþykkti að vinna áfram þarfagreiningu fyrir starfsemi Biskupsstofu.**

**Kirkjuráð samþykkti að þróa áfram hugmyndir að nýbyggingu Biskupsstofu við Háaleitisbraut, byggt á þarfagreiningunni og í tengslum við þá hugmynd að vinna að tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir reit austan Grensáskirkju.**

*b. Melstaður – samningur við Vegagerð ríkisins.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs lagði fram minnisblað sem dagsett er 17. apríl sl. um áform Vegagerðar ríkisins um að leggja nýjan Miðfjarðarveg, ásamt samningsdrögum milli Vegagerðar ríkisins og kirkjumálasjóðs, en um málið gilda vegalög nr. 80/2007.

Sóknarprestur, sem er umráðamaður jarðarinnar er samþykkuð samningsdrögunum.

**Kirkjuráð samþykkti samninginn og samþykkti að veita sviðsstjóra fasteignasviðs umboð til að ljúka samningsgerðinni og undirrita samninginn.**

*c. Breiðabólstaðarprestakall.*

Biskup kynnti málaleitan sóknarprestisins um að úttekt fari fram og uppgjör vegna eignamyndunar þar.

**Kirkjuráð tekur undir þá skoðun fasteignanefndar frá 27. ágúst sl. að ekki sé afgreitt uppgjör vegna úttektar fyrr en við ábúðarlok ábúanda.**

*d. Málefni Hrunaprestakalls – samningar*

Minnisblað fasteignasviðs frá 17. apríl sl. lagt fram til kynningar. Sviðsstjóri fasteignasviðs lagði fram til samþykktar og staðfestingar tvo samninga milli kirkjumálasjóðs sem eiganda prestssetursjarðarinnar Hruna annars vegar og Hrunamannahrepps hins vegar. Annar samningurinn varðar vatnstöku sveitarfélagsins í landi Hruna og hinn samningurinn afmörkun lands til afnota fyrir Hrunaréttir. Samningarnir eru báðir gerðir með aðild sóknarprestis Hrunaprestakalls.

**Kirkjuráð samþykkti samningana og samþykkti að veita sviðsstjóra fasteignasviðs umboð til að ljúka samningsgerðinni og undirrita samningana.**

*e. Syðra-Laugaland, prestssetursjörð.*

Skilmálar vegna bygginga á aðliggjandi fasteign. Óskað er eftir heimild kirkjuráðs til að byggingarreitir á landi aðliggjandi fasteignar megi á deiliskipulagi vera allt að 25 metrum frá lóðarmörkum Syðra – Laugalands. Fyrirhugað er að reisa bjálkahús á nefndum byggingarreitum um 25 fm. að stærð auk verandar og er áætluð hæð á risi hvers húss innan við 3,5 metrar. Sóknarprestur sem er umráðamaður jarðarinnar hefur samþykkt fyrir sitt leyti skilmálana.

**Kirkjuráð samþykkti að heimila ofangreint og gildir heimildin til loka ársins 2018 en fellur þá sjálfkrafa brott, hafi framkvæmdir ekki hafist við framangreind hús.**

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti beiðni frá sveitastjóra Eyjafjarðarsveitar þess efnis að teknar yrðu upp viðræður um hugsanleg kaup sveitarfélagsins á landspildu úr landi prestssetursjarðarinnar Syðra – Laugalands. Heildarstærð þess lands sem horft er til er um 27,6 ha.

**Kirkjuráð telur almennt ekki rétt að selja spildur úr prestssetursjörðum og rýra þær þannig nema sérstakar aðstæður eða rök réttlæti. Kirkjuráð telur ekki um slíkt að ræða og felst því ekki á viðræður um kaup sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar á hluta af prestssetursjörðinni Syðra – Laugalandi.**

*Útihús á landi Syðra – Laugalands.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs greindi frá málaleitan leigutaka að gömlum útihúsum á Syðra – Laugalandi þ.e. steyptri hlöðu og tveimur bröggum, þess efnis að fá leyfi til að rífa annan braggann og reisa nýtt hesthús á grunni hans í staðinn. Það er mat fasteignasviðs að braggarnir séu í það lélegu ásigkomulagi að telja megi þá ónýta og að jafnvel geti stafað af þeim fokhætta.

**Kirkjuráð taldi ekki rétt að heimila nýbyggingar útihúsa á landi Syðra- Laugalands. Kirkjuráð samþykkti að afla mats á kostnaði við niðurrif braggans.**

*f. Bréf til Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsstaðar.*

Sviðsstjóri fasteignasviðs kynnti drög að bréfi til Framkvæmdasýslu ríkisins vegna Skálholtsstaðar er varðar galla á viðbyggingu við Skálholtsskóla frá 2003.

**Kirkjuráð samþykkti að fela sviðsstjóra fasteignasviðs að senda bréfið til Framkvæmdasýslu ríkisins.**

---

## 8. FJÁRMÁL

---

*a. Lykiltölur úr bókhaldi fyrstu þrjá mánuði 2015.*

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti lykiltölur úr bókhaldi fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2015. Almennt er reksturinn í góðu jafnvægi.

*b. Breytingar á fyrirkomulagi launa á Biskupsstofu.*

Kirkjuráðsmaður óskaði eftir upplýsingum og umræðu um málið.

**Kirkjuráð samþykkti að forseti kirkjuráðs og séra Elínborg Gísladóttir fari yfir málið.**

*c. Samningar vegna breytinga á störfum og vegna starfsloka.*

Frestað til næsta fundar.

*d. Heimild til frestunar á auglýsingu embætta - 28. mál kirkjuþings 2014.*

Frestað til næsta fundar.

*e. Útskálasókn í Kjalarnessprófastsdæmi.*

Fulltrúar Útskálasóknar sendu kirkjuráði erindi sem dagsett er 13. apríl sl. sem fjallar um fjárhag og skuldir Útskálasóknar vegna áður fyrirhugaðrar byggingar safnaðarheimilis, sem nú hefur verið fallið frá.

Verkefnisstjóri fjármála, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir kynnti málið.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að veita Útskálasókn liðsinni í viðræðum við Landsbankann með það að markmiði að ná fram ásættanlegri niðurstöðu fyrir sóknina varðandi viðskipti við bankann.**

*f. Ljósavatnssókn í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.*

Verkefnisstjóri fjármála gerði grein fyrir fjármálum Ljósavatnssóknar. Svokölluð vegkirkja hefur verið starfrækt í Ljósavatnskirkju yfir sumartímam, en reksturinn er erfiður. Fulltrúar sóknarnefndar fara þess á leit við kirkjuráð að auknu fjármagni verði veitt til starfseminnar.

**Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka upp viðræður við fulltrúa sóknarnefndar um málið.**

*g. Kærleikspjónustan – flutt fjárveiting milli ára.*

Frestað til næsta fundar.

*h. Fræðslumál – flutt fjárveiting milli ára.*

Frestað til næsta fundar.

---

## 9. KYNNING Á STOFNUNUM: FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA KIRKJUNNAR

---

*Fjölskylduþjónusta kirkjunnar.*

Starfsfólk Fjölskylduþjónustu kirkjunnar kynnti starfsemina, tildrög þess að Fjölskylduþjónustan var stofnuð og þær fyrirmyndir sem leitað var til hjá nágrannalöndunum. Helstu verkefni eru fjölskylduráðgjöf, handleiðsla presta og djákna og fræðsla. Stöðugildum hefur fækkað.

Kirkjuráð þakkaði góða kynningu á þjónustunni.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

*a. Endurskoðun skipulags Biskupsstofu.*

Málinu frestað.

*b. Úrskurður í máli nr. 1/2014 kveðinn upp 23. mars 2014.*

Kirkjuráði hefur verið kynntur úrskurður Úrskurðarnefndar í máli nr. 1/2014.

Kirkjuráð hefur ákveðið að nýta ekki heimild til að áfrýja niðurstöðu Úrskurðarnefndar til Áfrýjunarnefndar sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:05.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 12. maí nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands,

Þorvaldur Víðisson,  
biskupsritari.